

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Engjaland 2-4, breyting á gildandi deiliskipulagi íbúðarbyggðar.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 16. febrúar 2022, tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi íbúðarbyggðar við Engjaland 2-4 á Selfossi. Gerðar hafa verið a.m.k. tvær breytingar á austasta hluta deiliskipulagsins (fjölbýlishús), 2019 og 2020. Breytingin nú tekur til Engjalands 2 og 4, og felur í sér hækkun húsa um eina hæð þannig að heimilt verði að byggja fjögurra hæða hús í stað þriggja hæða á lóðunum. Einnig er fjölgun íbúða á hvorri lóð um 2 íbúðir. Meginástæða hækkunar er, að gert verður ráð fyrir að koma fyrir bílgeymslu á hluta af 1. hæð húsanna.

Selfossi, 25. maí 2022.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar,
samkvæmt umboði Antons Kára Halldórssonar,

Rúnar Guðmundsson, fulltrúi/skipulags- og byggingardeild.

B-deild – Útgáfudagur: 10. júní 2022